

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/116/EB

2009/EES/25/36

frá 12. desember 2006

um verndartíma höfundarréttar og tiltekinna, skyldra réttinda (*)

(kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagins, einkum 47. gr. (2. mgr.), 55. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 93/98/EBE frá 29. október 1993 um samhæfingu á hugtakinu um verndartíma höfundarréttar og tiltekinna skyldra réttinda ⁽³⁾ hefur verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽⁴⁾. Til glöggvunar og hagræðingar skal kerfisbinda tilskipunina.
- 2) Í Bernarsáttmálanum til verndar bókmenntum og listaverkum og Alþjóðasamningnum um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana (Rómarsamningurinn) er einungis mælt fyrir um lágmarksverndartíma vegna þeirra réttinda sem vísað er til og er samningsríkjunum því fjárlast að kveða á um lengri verndartíma. Tiltekin aðildarríki hafa nýtt sér þennan rétt. Þar að auki eru nokkur aðildarríki ekki enn aðilar að Rómarsamningnum.
- 3) Þar af leiðandi er munur á landslögum er ná yfir verndartíma fyrir höfundarrétt og skyld réttindi, sem getur hindrað frjálsa vöruflyttingu og frelsi til að veita þjónustu og raskað samkeppni á sameiginlega markaðinum. Til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins skal því samhæfa lög aðildarríkjanna þannig að verndartími verði sá sami alls staðar í Bandalaginu.
- 4) Mikilvægt er að mæla ekki einungis fyrir um verndartímamann sem slíkan heldur einnig tiltekið framkvæmdarfyrirkomulag, s.s. frá hvaða degi hver verndartími skuli reiknaður.
- 5) Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á beitingu aðildarríkjanna á ákvæðum b-, c- og d-liðar 2. mgr. og 3. mgr. 14. gr. a í Bernarsáttmálanum.

- 6) Markmiðið með lágmarksverndartímanum, sem mælt er fyrir um í Bernarsáttmálanum, nánar tiltekið meðan höfundur er á lífi og í 50 ár frá dauða hans, var að vernda höfundinn og næstu tvær kynslóðir afkomenda hans. Meðalævi í Bandalaginu er nú orðin lengri þannig að þessi tími nægir ekki lengur til að spanna tvær kynslóðir.
- 7) Tiltekin aðildarríki hafa kveðið á um lengri verndartíma en 50 ár frá dauða höfundar í þeim tilgangi að veða á móti áhrifum heimsstyrjaldanna á nýtingu höfundarverka.
- 8) Að því er varðar verndun skyldra réttinda hafa tiltekin aðildarríki innleitt verndartímabil sem er 50 ár frá löglegri útgáfu eða miðlun til almennings.
- 9) Á ráðstefnu stjórnarereindreka, sem haldin var í desember 1996 á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO), var samningur Alþjóðahugverkastofnunarinnar um flutning og hljóðrit samþykktur sem fjallar um vernd listflytjenda og framleiðenda hljóðrita. Í þessum samningi er alþjóðleg vernd skyldra réttinda uppfærð að verulegu leyti.
- 10) Tilhlýðilegt tillit til viðurkenndra réttinda er ein af helstu almennu lagareglunum sem gilda í réttarkerfi Bandalagsins. Því getur verndartímabil fyrir höfundarrétt og skyld réttindi, sem innleitt er samkvæmt Bandalagslögum, ekki orðið til þess að skerða þá vernd sem réttahafar höfðu í Bandalaginu áður en tilskipun 93/98/EBE öðlaðist gildi. Til að geta takmarkað áhrif bráðabirgðaráðstafana eftir því sem frekast er unnt og til að innri markaðurinn geti starfað eðlilega skal þessi verndartími grundvallast á löngum tímabilum.
- 11) Höfundarréttur og skyld réttindi skulu njóta viðtækrar verndar þar sem þessi réttindi eru undirstöðuatriði fyrir sköpun hugverka. Vernd þeirra tryggir áframhald og þróun sköpunarstarfs í þágu höfunda, menningariðnaðar, neytenda og samfélagsins í heild.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 12. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2007 frá 8. júní 2007 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 48, 11.10.2007, p. 13.

⁽¹⁾ Álit frá 26. október 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 12. október 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 30. nóvember 2006.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 290, 24.11.1993, bls. 9. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB (Stjtið. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10).

⁽⁴⁾ Sjá A-hluta í I. viðauka.

- 12) Til að koma á viðtækri vernd, sem bæði fullnægir kröfum hins innri markaðar og þörf fyrir setningu réttarreglna, sem stuðla að samræmdri þróun bókmennta- og listsköpunar í Bandalaginu, skal samræmdur verndartími höfundarréttar vera 70 ár frá dauða höfundar, eða 70 ár frá því að almenningur fær aðgang að verkinu samkvæmt lögum og, að því er varðar skyld réttindi, 50 ár frá því að sá atburður á sér stað sem markar upphaf hans.
- 13) Safnverk eru vernduð í samræmi við 5. mgr. 2. gr. Bernarsáttmálans þegar þau sökum efnisvals og niðurröðunar efnis fela í sér andlega sköpun. Þessi verk njóta verndar sem slík, með fyrirvara um höfundarrétt allra verka sem eru hluti slíkra safna. Þar af leiðandi getur sérstakur verndartími gilt fyrir verk sem eru í söfnum.
- 14) Í öllum tilvikum þegar einn eða fleiri einstaklingar eru skilgreindir sem höfundar skal verndartíminn reiknaður frá dauða þeirra. Ef ekki liggur ljóst fyrir hvort höfundarréttur gildir um verk í heild sinni eða hluta verks skulu dómstólar í hverju ríki fyrir sig skera úr um það.
- 15) Verndartíminn skal reiknaður frá 1. janúar árið eftir að viðkomandi atburður átti sér stað, samanber Bernarsáttmálann og Rómarsamninginn.
- 16) Verndun ljósmynda í aðildarríkjunum heyrir undir mismunandi reglugerfi. Ljósmyndaverk í skilningi Bernarsáttmálans telst vera frumverk ef það er eigið hugverk höfundar og endurspeglar persónuleika hans, án tillits til annarra viðmiðana, s.s. þess hvaða gildi verkið hefur eða í hvaða tilgangi það er unnið. Verndun annarra ljósmynda fellur undir landslög.
- 17) Til að koma í veg fyrir mismunandi verndartíma að því er varðar skyld réttindi er nauðsynlegt að kveða á um sama upphafstíma sem tekið er mið af við útreikning hans alls staðar í Bandalaginu. Við útreikning á verndartíma skal taka tillit til flutnings, upptöku, útsendingar, löglegrar útgáfu og miðlunar til almennings, það er að segja aðferða við að gera efnið sem réttindin taka til aðgengilegt fyrir almenning á þann hátt sem við á, án tillits til þess í hvaða landi flutningur, upptaka, útsending, lögleg útgáfa eða miðlun til almennings fer fram.
- 18) Réttur útvarpsstofnana til útsendinga sinna, án tillits til þess hvort sent er út um þráð eða þráðlaust, þ.m.t. útsendingar um kapal eða gervihnött, skal ekki vera ótakmarkaður. Þess vegna er nauðsynlegt að reikna verndartíma eingöngu frá fyrstu útsendingu tiltekins verks. Gert er ráð fyrir að slíkt ákvæði komi í veg fyrir að nýtt tímabil hefjist í tilvikum þegar útsending er nákvæmlega eins og önnur, fyrri útsending.
- 19) Aðildarríkjum skal vera frjálst að viðhalda eða innleiða önnur réttindi sem tengjast höfundarrétti, einkum í sambandi við verndun á rýniútgáfum og vísindaútgáfum verka. Til að tryggja gagnsæi í Bandalaginu er þó nauðsynlegt að aðildarríki sem innleiða ný, skyld réttindi tilkynni það framkvæmdastjórninni.
- 20) Rétt er að taka fram að þessi tilskipun gildir ekki um siðferðileg réttindi.
- 21) Þegar um er að ræða verk, sem í skilningi Bernarsáttmálans teljast upprunnin í þriðja landi, og höfundur er ekki ríkisborgari innan Bandalagsins, skal bera verndartíma í löndunum saman, að því tilskildu að verndartíminn, sem er veittur í Bandalaginu sé ekki lengri en verndartíminn sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
- 22) Þegar rétthafi, sem ekki er ríkisborgari innan Bandalagsins, uppfyllir skilyrði um vernd samkvæmt alþjóðasamningi skal verndartími skyldra réttinda vera sá sami og mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Þó má þessi tími ekki vera lengri en sá sem er fastsettur í því þriðja landi þar sem rétthafi er ríkisborgari.
- 23) Samanburður á verndartíma skal ekki leiða til þess að aðildarríki fari í bága við alþjóðlegar skuldbindingar sínar.
- 24) Aðildarríkjum skal vera frjálst að samþykka ákvæði um túlkun, aðlögun og frekari framkvæmd samninga um nýtingu verka og annars efnis sem nýtur verndar, sem voru gerðir áður en verndartíminn var lengdur á grundvelli þessarar tilskipunar.
- 25) Það er hluti af réttarkerfi Bandalagsins að virða áunnin réttindi og lögmætari væntingar. Aðildarríkin geta kveðið sérstaklega á um að höfundarréttur og skyld réttindi, sem eru endurvakin með þessari tilskipun, geti ekki við vissar aðstæður orðið grundvöllur þess að einstaklingar, sem eftir bestu vitund tóku upp nýtingu verka á þeim tíma er þau nutu ekki höfundar- eða einkaleyfisverndar, þurfi að reiða fram greiðslu.
- 26) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi frest þeirra til að lögleiða tilskipanirnar, sem eru tilgreindar í B-hluta I. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Gildistími höfundarréttar

1. Réttindi höfundar bókmennta- eða listaverks í skilningi 2. gr. Bernarsáttmálans skulu gilda meðan höfundurinn er á lífi og í 70 ár frá dauða hans, án tillits til þess hvenær almenningur fær aðgang að verkinu samkvæmt lögum.

2. Þegar höfundar hafa unnið saman að sköpun verks skal reikna verndartímann, sem um getur í 1. mgr., frá dauða þess höfundar sem lifir lengst.

3. Þegar verk eru eftir ókunna eða ónefnda höfunda eða birt undir dulnefni er verndartími 70 ár frá því að almenningur fær aðgang að verkinu samkvæmt lögum. Ef enginn vafi leikur á um hver höfundur er þrátt fyrir það dulnefni sem hann tekur sér, eða ef höfundur gefur upp sitt rétta nafn á fyrrgreindu tímabili, er verndartíminn þó sá sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

4. Ef aðildarríki setur sérstök ákvæði um höfundarrétt að því er varðar sameiginleg verk, eða um að lögpersóna skuli tilnefnd sem réttahafi skal reikna verndartímann í samræmi við ákvæði 3. mgr., nema einstaklingar, sem hafa samið verkið, séu nafngreindir sem slíkir í þeim útgáfum á verkinu sem almenningur fær aðgang að. Þessi málsgrein er með fyrirvara um rétt nafngreindra höfunda sem eiga hlut að slíkum verkum undir nafni, þar eð framlag þeirra fellur undir 1. eða 2. mgr.

5. Þegar verk eru gefin út í bindum, hlutum, heftum, númerum eða ritröðum og verndartíminn hefst um leið og almenningur fær aðgang að verkinu samkvæmt lögum gildir sérstakur verndartími fyrir hverja einingu.

6. Vernd fellur úr gildi þegar verndartíminn fyrir verk hefur ekki verið reiknaður frá dauða höfundar eða höfunda og almenningur hefur ekki fengið aðgang að þeim samkvæmt lögum innan 70 ára frá sköpun þeirra.

2. gr.

Kvikmyndaverk eða hljóð- og myndmiðlaverk

1. Aðalleikstjóri kvikmyndaverks eða hljóð- og myndmiðlaverks telst vera höfundur eða einn af höfundum þess. Aðildarríkjum skal vera frjálst að tilnefna aðra meðhöfunda.

2. Verndartími kvikmyndaverks eða hljóð- og myndmiðlaverks skal renna út 70 árum eftir dauða þess einstaklings sem lifir lengst þeirra sem hér eru taldir, hvort sem þeir eru tilnefndir sem meðhöfundar eða ekki: aðalleikstjóri, höfundur kvikmyndahandrits, höfundur samtala og höfundur tónsmíðar sem er samin sérstaklega fyrir kvikmyndaverk eða hljóð- og myndmiðlaverk.

3. gr.

Gildistími skyldra réttinda

1. Réttindi listflytjenda skulu renna út 50 árum eftir að flutningur fer fram. Ef upptaka á flutningi er gefin út á löglegan hátt eða miðlað til almennings á löglegan hátt á þessu tímabili renna réttindin þó út 50 árum eftir fyrsta útgáfudag eða fyrsta dag miðlunar til almennings, eftir því hvor dagurinn er á undan.

2. Réttindi framleiðenda hljóðrita renna út 50 árum eftir að upptaka fer fram. Ef hljóðrit er gefið út á löglegan hátt á þessu tímabili renna réttindin þó út 50 árum eftir fyrsta dag löglegar útgáfu. Ef ekki á sér stað lögleg útgáfa á tímabilinu sem nefnt er í fyrsta málslið og ef hljóðriti hefur verið miðlað til almennings á löglegan hátt á þessu tímabili falla réttindin niður 50 árum eftir fyrsta dag löglegrar miðlunar til almennings. Þessi málsgrein felur þó ekki í sér að réttindi framleiðenda hljóðrita njóti verndar á ný ef þau njóta ekki lengur verndar 22. desember 2002 vegna þess að þá er runnin út verndartíminn sem var veittur skv. 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 93/98/EBE í útgáfunni áður en henni er breytt með tilskipun 2001/29/EBE.

3. Réttindi framleiðenda til frumupptöku kvikmyndar falla niður 50 árum eftir að upptaka fer fram. Ef kvikmynd er gefin út á löglegan hátt eða miðlað til almennings á löglegan hátt á þessu tímabili falla réttindin þó niður 50 árum eftir fyrsta útgáfudag eða fyrsta dag miðlunar til almennings, eftir því hvor dagurinn er á undan. Hugtakið „kvikmynd“ á við um kvikmyndaverk, hljóð- og myndmiðlaverk eða hreyfimyndir, með eða án hljóðs.

4. Réttindi útvarpsstofnana skulu renna út 50 árum eftir fyrstu útsendingu, án tillits til þess hvort sent er út um þráð eða þráðlaust, þ.m.t. útsendingar um kapal eða gervihnött.

4. gr.

Verndun verka sem ekki hafa verið gefin út áður

Allir einstaklingar sem, eftir að höfundarréttarvernd fellur niður, gefa út áður óbirt verk á löglegan hátt, eða miðla þeim til almennings á löglegan hátt, eiga rétt á vernd sem er sambærileg við efnahagsleg réttindi höfundar. Verndartíminn fyrir slík réttindi skal vera 25 ár frá fyrstu löglegu útgáfu verks eða fyrstu löglegu miðlun til almennings.

5. gr.

Rýniútgáfur og vísindaútgáfur

Aðildarríki geta verndað rýniútgáfur og vísindaútgáfur sem eru orðnar almenningseign. Hámarksverndartíminn fyrir slík réttindi skal vera 30 ár frá fyrstu löglegu útgáfu.

6. gr.

Verndun ljósmynda

Ljósmyndir, sem eru upprunalegar að því leyti að þær eru eigið hugverk höfundar, skulu njóta verndar í samræmi við 1. gr. Ekki skal taka tillit til annarra viðmiðana þegar ákvörðun er tekin um rétt þeirra til verndar. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um verndun annarra ljósmynda.

7. gr.

Verndun gagnvart þriðju löndum

1. Ef upprunaland verks er þriðja land í skilningi Bernarsáttmálans, og höfundur er ekki ríkisborgari innan Bandalagsins, skal verndartíminn sem aðildarríkin veita falla niður sama dag og vernd, sem verkið nýtur í upprunalandinu, fellur niður, þó má hann ekki vera lengri en verndartíminn sem mælt er fyrir um í 1. gr.

2. Verndartíminn, sem mælt er fyrir um í 3. gr., skal einnig gilda að því er varðar réttthafa sem ekki eru ríkisborgarar innan Bandalagsins, að því tilskildu að aðildarríkin veiti slíkum rétthöfum vernd. Með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar aðildarríkjanna skal verndartíminn, sem aðildarríki ákvarðar, þó falla niður eigi síðar en sama dag og vernd fellur niður í því þriðja landi þar sem réttthafi er ríkisborgari og hann má ekki vera lengri en verndartíminn sem mælt er fyrir um í 3. gr.

3. Aðildarríki sem viðurkenna, 29. október 1993, einkum á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga, lengri verndartíma en leiðir af ákvæðum 1. og 2. mgr. geta viðhaldið þessari vernd þar til gerðir hafa verið alþjóðasamningar um verndartíma fyrir höfundarrétt eða skyld réttindi.

8. gr.

Útreikningur verndartíma

Verndartíminn sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun er reiknaður út frá 1. janúar árið eftir að sá atburður á sér stað sem markar upphaf hans.

9. gr.

Siðferðileg réttindi

Tilskipun þessi skal vera með fyrirvara um ákvæði aðildarríkjanna er taka til siðferðilegra réttinda.

10. gr.

Beiting með tilliti til tímamarka

1. Ef verndartími, sem er lengri en samsvarandi tími sem kveðið er á um í þessari tilskipun, er þegar hafinn í aðildarríki 1. júlí 1995 skal þessi tilskipun ekki hafa þau áhrif að viðkomandi verndartími styttest í því aðildarríki.

2. Verndartíminn, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skal gilda um öll verk og annað efni sem nýtur verndar í a.m.k. einu aðildarríki, á þeim degi sem um getur í 1. mgr., samkvæmt innlendum ákvæðum um höfundarrétt eða skyld réttindi eða uppfylla skilyrði um vernd samkvæmt [tilskipun ráðsins 92/100/EBE frá 19. nóvember 1992 um leigu- og útlánsrétt og önnur réttindi tengd höfundarrétti á sviði hugverkaréttar] ⁽¹⁾.

3. Tilskipun þessi skal vera með fyrirvara um nýtingu sem hefur átt sér stað fyrir þann dag sem um getur í 1. mgr. Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að vernda sérstaklega áunnin réttindi þriðju aðila.

4. Aðildarríki þurfa ekki að beita ákvæðum 1. mgr. 2. gr. gagnvart kvikmyndaverkum eða hljóð- og myndmiðlaverkum sem eru gerð fyrir 1. júlí 1994.

11. gr.

Tilkynning og miðlun

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um allar áætlanir ríkisstjórna um að taka upp ný skyld réttindi, þ.m.t. grundvallarástæður fyrir upptöku þeirra, og fyrirhugaðan verndartíma.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

12. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 93/98/EBE er hér með felld úr gildi, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna um fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum, eins og sett er fram í B-hluta í I. viðauka þessarar tilskipunar, og um beitingu þeirra. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

13. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 346, 27.11.1992, bls. 61. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/29/EB.

14. gr.

Gjört í Strassborg 12. desember 2006.

Viðtakendur

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

Fyrir hönd ráðsins,

J. BORRELL FONTELLES

M. PEKKARINEN

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

forseti.

forseti.

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun ásamt breytingum

Tilskipun ráðsins 93/98/EBE

(Stjtið. EB L 290, 24.11.1993, bls. 9)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB (Stjtið. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10)

Eingöngu 2. mgr. 11. gr.

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 12. gr.)

| Tilskipun | Frestur til lögleiðingar | Gildistöku dagur |
|------------|-------------------------------|--|
| 93/98/EBE | 1. júlí 1995 (1. til 11. gr.) | 19. nóvember 1993 (12. gr.) eigi síðar en 1. júlí 1997 að því er varðar 1. mgr. 2. gr. (5. mgr. 10. gr.) |
| 2001/29/EB | 22. desember 2002 | |

II. VIÐAUKI
Samsvörunartafla

| Tilskipun 93/98/EBE | Þessi tilskipun |
|-----------------------------------|--------------------|
| 1. til 9. gr. | 1. til 9. gr. |
| 1.–4. mgr. 10. gr. | 1.–4. mgr. 10. gr. |
| 5. mgr. 10. gr. | — |
| 11. gr. | — |
| 12. gr. | 1. mgr. 11. gr. |
| Fyrsta undirgrein 1. mgr. 13. gr. | — |
| Önnur undirgrein 1. mgr. 13. gr. | — |
| Þriðja undirgrein 1. mgr. 13. gr. | 2. mgr. 11. gr. |
| 2. mgr. 13. gr. | — |
| — | 12. gr. |
| — | 13. gr. |
| 14. gr. | 14. gr. |
| — | I. viðauki |
| — | II. viðauki |